

GULLNA EYJAN MALTA



24. september – 2. október 2022
Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Malta

Ferðalýsing

Hér er ævintýrleg ferð til litlu, fallegu eyjarinnar **Möltu**, sjálfstæðs lýðveldis syðst í Miðjarðarhafinu. Í ferðinni kynnumst við sögu og menningu eyjarskeggja en við gistum í bænum **St. Paul's Bay**. Margar töfrandi ferðir verða í boði, m.a. að hvítu klettaströndinni **Dingli** þar sem hvítir, sæbrattir klettar blasa við. **Mdina** virkisbærinn er á sérlega fallegu bæjarstæði og við öikum um Buskett, aldingarð eyjarinnar þar sem finna má sítrónu- og appelsínuakra. Virkisbærinn **Rabat** er einstaklega hrifandi og státar m.a. af **katakombum**. Við eigum viðburðaríkan dag í glæsilegu höfuðborginni **Valletta** sem svonefndir Mölturiddarar stofnuðu. Í töfrandi siglingu til **Gozo**, systureyju Möltu, förum við fram hjá eyjunni **Comino**. Skoðunarferð á Gozo sýnir okkur undurfallega eyju sem lætur engan ósnortinn. Hér fara saman gróðursæld og notaleg smáþorp með steinhlöðnum húsum og heillandi mannlífi. **Calypso** hellirinn er við fallegustu sandströnd eyjarinnar, hina rauðu Ir-Ramla l-Ħamra. Við heimsækjum **Victoria**, höfuðstað Gozo, með völduga virkinu sem gnæfir sem kóróna yfir borginni. **Marsaxlokk**, litli sjávarbærinn með smábátana sína, er einstaklega heillandi og sigling út í **Bláa hellinn** svíkur engan. Glæsilegt ævintýri endar með gömlu bæjarprenningunni, eins og bæirnir þrír **Vittoriosa**, **Cospicua** og **Senglea** eru kallaðir, þar sem farið verður í skemmtilega siglingu um sögufrægu höfnina á móti höfuðborginni Valletta.

9 dagar | 8 nætur í St. Paul's Bay



23. september | Mæting upp á flugvöll um kl. 22:00

Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför en flogið verður frá Keflavík með Lufthansa til Frankfurt með næturflugi.

24. september | Flug til München & Möltu

Flogið kl. 00:25. Lending í Frankfurt kl. 05:55 að staðartíma. Flogið verður áfram með Lufthansa til Möltu kl. 09:25 og lendum þar kl. 11:55 að staðartíma. Ekið verður á hótél í bænum St. Paul's Bay þar sem gist verður í átta nætur. Á hótelinu eru inni- og útisundlaugar og bar sem er uppi á þaki hótelsins. Einnig er heilsulind í márískum stíl með gufubaði, heitum potti og heilsurækt.

25. september | Dingli klettur, Mdina & Rabat

Við byrjum daginn á akstri um töfrandi hvíta klettaströndina Dingli við Miðjarðarhafið. Fegurðin er stórbrotin þar sem hvítir sæbrattir 200 m háir klettarnir rísa tígulegir úr hafi. Á leið okkar til hrifandi miðalda- og virkisbæjarins Mdina verður ekið um aldingarð eyjarinnar, Buskett garðinn, þar sem margt er að sjá. Eftir góðan tíma í Mdina verður ekið til Rabat, annars spennandi virkisbæjar, sem státar af



áhugaverðum katakombum, sem eru grafreitir gyðinga frá 3. öld. Þetta er áhugavert að skoða en ein áhugaverðasta katakomban er heilags Páls postula. Einn vegginn prýðir málverk frá 12. öld. Katakomburnar voru notaðar sem loftvarnarsvæði í seinni heimstyrjöldinni. Í lok dags verður maltneskur vínbóndi heimsóttur en þar verður boðið upp á vínsmökkun og smá snarl áður en ekið verður til baka á hótél.

26. september | Skemmtilegur dagur í Valletta

Þetta verður dýrðarinnar dagur í höfuðborginni Valletta sem var valin ein af menningarborgum Evrópu árið 2018. Umhverfis hana er eitthvert öflugasta varnarmannvirki í víðri veröld sem gerir borgina ómótstæðilega og töfrandi. Þessi fallega borg var stofnuð af riddurum Jóhannesarreglunnar á 16. öld en þeir voru einnig nefndir Mölturiddarar. Borgin er mjög lítrík og skemmtileg og er prýdd glæsilegum barokkbyggingum sem eru lýsandi dæmi um blómatíma borgarinnar. Margt er að skoða og upplifa í borginni og það gerum við í áhugaverðri skoðunarferð. Nægur tími gefst einnig til að sitja á huggulegu kaffi- eða veitingahúsi og njóta mannlífsins.



27. september | Frjáls dagur í St. Paul's Bay

Frjáls dagur í slökun og rólegheitum. Nú er upplagt að nota frábæra aðstöðu hótelsins eða fá sér göngu með ströndinni og um bæinn sem er líflegur og skemmtilegur. St. Paul's Bay bærinn er einn vinsælasti ferðamannastaður eyjarinnar en hér búa um rúmlega 20.000 íbúar. Einnig er hægt að taka strætisvagn til Valetta höfuðborgarinnar sem er í 16 km fjarlægð frá bænum.

28. september | Sigling yfir á eyjuna Gozo



Töfrandi sigling til Gozo, systureyju Möltu, sem er undurfalleg. Gróðursæld er mikil og á ferð okkar um eyjuna sjáum við græna akra og gömul heillandi smáporp með steinhlöðnum húsum, umkringd vínökum. Víða sjást fallegar klettavíkur með kristalstærum sjó. Sennilega er skemmtilegast að upplifa sérstaklega hlýlegt viðmót íbúa, það hrífur alla. Á leið okkar skoðum við Calypso hellinn sem er við fallegustu sandströnd Gozo eyjarinnar, rauðu Ramla-l-Hamra ströndina. Sagt er að þetta sé hellirinn sem Homer nefnir í goðsögnum af Ódysseif. Okkur verður boðið í hádegisverð á veitingahúsi þar sem við smökkum dæmigerða eyjamáltíð. Eftir hádegi verður höfuðstaður eyjarinnar sóttur heim. Victoria er borg með litlum þröngum götum, varin völdugu virki sem trónir sem kóróna yfir borginni. Það var reist á tímum Mölturiddara en þaðan er glæsilegt útsýni yfir borgina og sveitir eyjarinnar.

29. september | Marsaxlokk & Blái hellirinn

Litli sjávarbærinn Marsaxlokk tekur á móti okkur í allri sinni dýrð í dag, hann er á allan hátt mjög töfrandi. Litlu bátarnir í höfninni og úti á sjónum eru í öllum regnbogans litum sem er sérstaklega táknrænt fyrir bæinn. Íbúarnir lifa eingöngu á fiskeiðum og ferðaþjónustu.

Útimarkaður þorpsins er einstaklega líflegur og við gefum okkur vitaskuld drjúgan tíma hér. Næst verður ekið til Wied iz-Zurrieq sem er annað sjávarþorp. Þaðan verður siglt með ströndinni að Bláa hellinum sem er töfrandi fagur. Toppum daginn með því að skoða hin fornu hof Hagar Qim sem standa rétt við dimmblátt Miðjarðarhafið. Þessi áhugaverðu hof eru á heimsminjaskrá UNESCO og eru frá 3.500-2.800 árum fyrir Krist.

30. september | Bæjaprenningin Vittoriosa, Cospicua & Senglea

Í dag röltum við um gömlu bæina þrjá sem eru á fallegum töngum á móti Valletta höfuðborginni. Þetta eru hrífandi litlir bæir sem gaman er að aka um. Eftir það verður farið í skemmtilega bátsferð um sögulegu og stóru höfnina í Valletta. Einnig verður gefinn tími til að njóta lífsins, fá sér hressingu og líta inn á kaupmenn staðarins.



1. október | Frjáls dagur í St. Paul's Bay

Rólegheit og frjáls dagur í St. Paul's Bay. Við njótum þess að vera á þessum fagra stað og upplagt er að nota aðstöðuna á hótelinu okkar.

2. október | Heimferðardagur

Eftir yndislega daga verður ekið út á flugvöll. Flugíð er með Lufthansa og brottför frá Möltu kl. 12:45 og landing í Frankfurt kl. 15:25. Brottför þaðan til Keflavíkur með Lufthansa kl. 21:50. Landing á Íslandi kl. 23:30 að staðartíma.

Verð

349.900 kr. á mann í tvíbýli | 54.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Hægt er að senda fyrirspurn á hótelið fyrir tveggja manna herbergi með sjávarsýn. Fáist það staðfest kostar það 18.800 kr. aukalega á mann (ekki í boði fyrir einbýli).

Innifalið

- ✓ Flug og flugvallarskattar með Lufthansa.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hóteli.
- ✓ Allir drykkir með kvöldverði.
- ✓ Létt snarl hjá maltneskum vínbónda.
- ✓ Sigling yfir á eyjuna Gozo.
- ✓ Dæmigerður hádegisverður að hætti íbúa Goza.
- ✓ Sigling að Bláa hellinum.
- ✓ Sigling um sögufrægu og stóru höfnina í Valletta.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir aðrir en nefndir eru í ferðalýsingu.
- ✓ Aðgangur að hofum Hagar Qim ca € 9.
- ✓ Aðgangur í kirkjuna í Valletta ca € 10